



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 8. janúar 2020



Áttundi fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 8. Janúar 2020 kl.12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Magnús Karl Daníelsson og Inga Lilja Lárusdóttir

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 11 mánaða uppgjör
AP kynnti 11 mánaða uppgjör.
3. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
 - a. EM í handbolta
GBO kynnti stöðu mála varðandi EM og undirbúning liðsins fyrir mótið. Liðið fer út á morgun, fimmtudag. Farið verður út með 17 leikmenn á mótið vegna meiðsla í liðinni. Undirbúningur gengur vel.
4. Búningamál HSÍ
RG kynnti stöðu búningamála HSÍ. GBO og RG fá umboð til þess að ganga frá samningi.
5. Önnur mál
 - a. JVS kynnti stöðu mála varðandi undirbúning fyrir 100 ára afmæli handboltans á Íslandi. Tilboð hefur borist frá Vert varðandi lógó vinnu og ímyndunarvinnu. Stjórn samþykkti í grunninn þá áætlun sem lá fyrir og mun JVS leggja fram nánara plan fyrir næsta fund stjórnar.
 - b. RG kynnti erindi frá HK varðandi 50 ára afmæli félagsins. RG var falið að svara því.
 - c. RG kynnti efni tölvupóst sem barst varðandi Seinni Bylgjuna.
 - d. GG lýsti yfir ánægju með afreksmann framtíðarinnar sem var um síðustu helgi. Mjög vel tókst til.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 5. febrúar kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari